

Circle air ehf.
Munkaþverárstræti 10
600 Akureyri

Reykjavík, 25. júlí 2019
UST201907-073/P.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Glerárdalur við súlur - þyrlulendingar

Umhverfisstofnun hefur móttekið umsókn Circle air ehf., dagsetta 8. júlí 2019, um leyfi fyrir þyrluflugi og til að lenda þyrlum í fólkvanginum í Glerárdal.

Glerárdalur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsingu nr. 585/2016. Umferð loftfara (t.d. þyrluflug) innan fólkvangsins sem truflað gæti gesti og dýralíf óheimil án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Ráðgert er að bjóða fjallahjólfólk kost á að fara á fjöll með þyrlu og hjóla niður og einnig aðstandendum þáttakenda í Súlur Vertical utanvegarhlaupi. Ráðgert er að fljúga 3-7 ferðir á dag dagana 24.-28. júlí og 1.-4. ágúst 2019. Ráðgert er að flugin fari fram seinnipart dags fram til 21:00-22:00 að kvöldi til. Lendingarsvæði væru á bersvæði neðan við Súlur og við bílaplan neðst í fólkvanginum. Lendingarsvæði verður afgirt í grend við bílaplan, en sé ekki hægt að veita viðunandi vernd/tryggja öryggi á lendingarstað þá yrði flogið frá Akureyrarflugvelli.

Umsagnir:

Umhverfisstofnun óskaði umsagnar Akureyrarbæjar vegna umsóknarinnar þann 12. júlí 2019 vegna þyrluflugsins. Umsögn Akureyrarbæjar barst þann 18. júlí 2019. Í umsögn Akureyrarbæjar kemur fram að bæjarráð geri ekki athugasemdir við umsóknina.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur þyrluflugið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar svæðisins. Þyrluflugið mun aftur á móti hafa umtalsverð áhrif á upplifun gesta rétt á meðan flugið á sér stað. Áhrifin af verkefninu tímabundin og bundin við afmarkaðan tíma. Að mati Umhverfisstofnunar er hægt að draga úr neikvæðum áhrifum flugsins sé skilyrðum leyfisins fylgt.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Circle air fyrir sitt leyti leyfi fyrir þyrluflugi innan Glerárdals sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilunum 25.-28. júlí 2019 og 1.-4. ágúst 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu og friðlýsingarskilmála svæðis, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Ekki skal fljúga nærrí gangandi fólk og ekki skal lenda á svæðum þar sem göngufólk er á ferð.
- Ekki verða flognar fleiri en 7 ferðir á dag og skal takmarka flugtíma eftir því sem kostur er.
- Umsækjandi fylgi þeim mörkum sem gilda um hávaða frá flugumferð sbr. tafla II í viðauka með reglugerð nr. 724/2008.
- Umsækjandi skal kynna fyrir gestum og íbúum á svæðinu hvenær flug fer fram með góðum fyrirvara svo þeir geti gert sér grein fyrir hvenær þyrlan er á ferðinni og geti hagað ferðum sínum eftir því.
- Fylgja skal reglum sem gilda um vatnsverndarsvæði í hvívetna.
- Í lok tímabils skal skila skýrslu til Umhverfisstofnunar þar sem fram koma upplýsingar fjölda og dagsetningar ferða.
- Umhverfisstofnun skal upplýst um öll frávik sem kunna að verða vegna þyrluflugs í Glerárdal s.s. mengunaróhöpp, árekstra við gönguhópa eða annað sem stríðir gegn friðlýsingarskilmáum.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda þyrluni í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins.

Umhverfisstofnun bendir á að leyfi gæti þurft frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra fyrir þyrlufluginu en svæðið er vatnsverndarsvæði.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.


Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum flugsins. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri



Arna Hjörleifsdóttir

Arna Hjörleifsdóttir
sérfræðingur